

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafns Skagfirðinga.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð 14. mars 2024 stofnskrá Byggðasafns Skagfirðinga.

Jafnframt fellur brott auglýsing sama efnis nr. 828/2015.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 14. mars 2024.

F.h. safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ Byggðasafns Skagfirðinga.

1. gr.

Safnið heitir Byggðasafn Skagfirðinga. Kennitala þess er 550652-0139.

2. gr.

Byggðasafn Skagfirðinga var stofnað 29. maí 1948. Fastasýning var opnuð í Glaumbæ þann 15. júní 1952. Safnið stendur fyrir tveimur eða fleiri sýningum á ársgrundvelli.

3. gr.

Heimilisfang safnsins er Glaumbær, 561 Varmahlíð.

4. gr.

Hlutverk safnsins er að safna, skrá, varðveita og rannsaka muni og minjar úr Skagafjarðarhéraði og miðla þeim til almennings. Landfræðilega markast starfssvæði safnsins af sýslumörkum. Áhersla er lögð á rannsóknir og miðlun upplýsinga um áþreifanlegar og óáþreifanlegar heimildir um menningararf héraðsins, einkum byggingararf og mikilsverðar lífsháttabreytingar.

Safnið starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, minjar og menningarverðmæti og hefur síðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) að leiðarljósi. Safnið heldur að lágmarki tvo starfsmenn allt árið. Safnið getur verið í samstarfi um rannsóknir og varðveislu við hvern sem er, sé gætt opinberra síðareglna safna og það getur haldið sérsýningar hvar sem safnmunir eru öruggir og lánað muni til sýninga með skilyrðum um öryggi þeirra. Allir safnmunir skulu skrásettir samkvæmt viðurkenndu kerfi.

5. gr.

Eigandi safnsins er sveitarfélagið Skagafjörður, sem leggur því til rekstrarfé. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni. Verði arður af starfsemi rennur hann til safnsins.

6. gr.

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Skagafjarðar fer með málefni safnsins.

7. gr.

Reikningar safnsins eru færðir í bókhaldskerfi Skagafjarðar. Fjárhagur safnsins er aðskilinn fá öðrum rekstri sveitarfélagsins. Reikningar eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og afgreiddir samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

8. gr.

Safnstjóri gerir fjárhagsáætlun fyrir safnið og leggur fyrir atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Skagafjarðar til umfjöllunar. Fjárhagsgerð skal lokið fyrir 15. desember ár hvert samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

9. gr.

Sveitarstjórn Skagafjarðar ræður safnstjóra. Safnstjóri skal hafa sérfræðimenntun á sviði minjafræði sem tengsl hafa við þjóðminjavörsluna (svo sem þjóðfræði, sagnfræði, fornleifafræði, safnafræði, listfræði eða aðrar greinar menningarsögu).

Safnstjóri ræður safnverði og ber ábyrgð á að safnið starfi samkvæmt samþykktri safnstefnu, sem endurskoðuð er á 4 ára fresti. Safnverðir þurfa að hafa þekkingu á íslenskum þjóðháttum, sögu og minjaumhverfi héraðsins.

10. gr.

Hyggist eigendur leggja safnið niður skal ráðstafa eignum þess í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og samkvæmt fyrirmælum laga um ráðstöfun safnkosts. Öðrum eigum verður ráðstafað að höfðu samráði við menningar- og viðskiptaráðuneyti.

Breytist rekstrarforsendur skal endurskoða stofnskrána.

11. gr.

Stofnskrá þessi er hin 5. sem endurnýjuð er frá 1948 og öðlast hún gildi þann 1. mars 2024. Með henni eru eldri ákvæði fallin úr gildi.